

Steinull hf.  
Stefán Logi Haraldsson  
Skarðseyri 5  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík 20. ágúst 2020  
UST202003-314/gf  
08.08.02

### Varðar útblásturshraða í skorsteini Steinullar hf. á Sauðárkróki

Þann 31. október sl. sendi Steinull hf. erindi til Umhverfisstofnunar þar sem óskað var eftir því að kröfur um útblásturshraða í grein 2.4 í starfsleyfi yrðu lækkaðar úr 20 m/s í 15 m/s að meðaltali og samþykkti að saú útblásturshraði væri nægilega hár til þess að tryggja að loftgæði séu uppfyllt. Óskað var eftir breytingu á starfsleyfi ef til þess þyrfti að koma.

Rekstraraðili fékk verkfræðistofuna Mannvit til þess að leggja mat á það hvort loftgæði yrðu tryggð miðað við núverandi rekstur og útblásturshraða að meðaltali 15 m/s. Mannvit skilaði minnisblaði þann 14.mars 2019 og er niðurstaða mats þeirra að líttill ávinnungur sé af því að auka útblásturshraða úr 15 m/s í 20 m/s.

Með bréfi Umhverfisstofnunar frá 24. júní sl. er það metið svo að óþarf sé að breyta starfsleyfi rekstraraðila til þess að heimila að útblásturshraði fyrirtækisins sé 15 m/s en ákvörðun stofnuninnar nægi þar sem því er lýst yfir að útblásturshraðinn tryggi að ákvæði um loftgæði séu uppfyllt.

Umhverfisstofnun sendi Sveitafélaginu Skagafirði og heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra bréf þar sem embættin eru upplýst um að til skoðunar sé að lækka útblásturshraða verksmiðjunnar úr 20 m/s í 15 m/s og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemendum. Erindið var tekið fyrir á 170. fundi umhverfis- og samgöngunefndar Skagafjarðar og ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á kröfum til verksmiðjunnar. Engar athugasemdir bárust frá heilbrigðisnefndinni.

Umhverfisstofnun breytir því kröfum um útblásturshraða verksmiðjunnar og heimilar að við óbreyttan rekstur og sambærilega efnanotkun sé lágmarksútblásturhraði í skorsteini 15 m/s.

Virðingarfyllst,

  
Gottskálk Friðgeirsson

  
Skúli Pórðarson  
sviðsstjóri

Afrít:  
Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra